

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 29/2022
Mánudagur, 19. desember 2022

Samruni SalMar ASA og NTS ASA

I. Samantekt

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til yfirtöku SalMar ASA („**SalMar**“) á NTS ASA („**NTS**“), en með slíkum samruna hefðu Arnarlax ehf. („**Arnarlax**“) og Arctic Fish Holding ASA („**Arctic Fish**“), sem stunda sjókvíaeldi á íslenskum laxi á Vestfjörðum, farið undir sömu yfirráð.
2. Samruni þessi var tilkynntur til framkvæmdarstjórnar ESB, norska samkeppniseftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins, þar sem viðskiptin vörðuðu að hluta til vörumarkaði sem falla utan gildissviðs EES-samningsins. Til þess að tryggja samfellu í rannsókn og niðurstöðum, sem og samræmi við evrópskan samkeppnisrétt og að því leyti sem vörumarkaðir heyra undir EES-samninginn, átti Samkeppniseftirlitið í samstarfi við framkvæmdastjórnina. Á grundvelli þessara samvinnu og niðurstöðu framkvæmdarstjórnar um íhlutun lauk Samkeppniseftirlitið sinni rannsókn þann 3. nóvember sl.
3. Samrunaaðilar og dótturfyrirtæki þeirra starfa við fiskeldi, að mestu í Noregi en einnig á Íslandi, og eru skráð á markað í kauphöllinni í Osló. Einn af fylgifyrirtækjum samrunans hefði verið, eins og áður segir, að Arnarlax og Arctic Fish, sem starfrækja sjókvíaeldi á Vestfjörðum, færu undir yfirráð eins aðila. Samanlagt ráða fyrirtækin yfir um tæpum helming af framleiðslugetu miðað við útgefin leyfi fyrir sjókvíaeldi á Íslandi.
4. Samruninn var tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins með fullnægjandi hætti þann 22. júlí 2022. Aflað var sjónarmiða og upplýsinga frá markaðs- og hagaðilum sem gáfu meðal annars tilefni til þess að ætla að markaðshlutdeild aðila á líklegum mörkuðum málsins yrði töluverð. Var samrunaaðilum því tilkynnt að ástæða væri til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans í lok ágúst. Stuttu síðar var samruninn tilkynntur framkvæmdarstjórnar ESB, en áður höfðu lengri forviðræður átt sér stað á þeim vettvangi, eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst.
5. Það var niðurstaða bæði rannsóknar framkvæmdastjórnarinnar og rannsóknar Samkeppniseftirlitsins að íslenskur eldislax tilheyri sérstökum vörumarkaði. Hefði samruninn að óbreyttu leitt til umtalsverðrar röskunar á samkeppni með því að sameinað fyrirtæki yrði langstærsti framleiðandi að íslenskum laxi inn á EES-svæðið. Hefði slíkur samruninn getað leitt til hærra verðs og minni valmöguleika fyrir viðskipti með íslenskan lax.
6. Til að bregðast við þeirri samkeppnisröskun bauðst SalMar í viðræðum sínum við framkvæmdarstjórnina til þess að undirgangast skilyrði, m.a. um að selja frá sér starfsemi NTS hér á landi, nánar tiltekið Arctic Fish. Eftir markaðspröfun á slíkri tillögu að skilyrðum og sölu starfseiningar var komist að þeirri niðurstöðu að þau kæmu í veg fyrir röskun á samkeppni vegna



samrunans. Ákvörðunin framkvæmdarstjórnar í máli nr. M.10699 – SALMAR / NTS var því háð að skilyrðin væru virt að fullu.

7. Samruninn var einnig tilkynntur norskum samkeppnisyfirvöldum, en þau ákváðu snemma að aðhafast ekki vegna samrunans, sökum takmarkaðra áhrifa hans í Noregi.
8. Eins og áður segir lauk sáttaviðræðum milli samrunaaðila og framkvæmdastjórnarinnar með framangreindum hætti. Samkeppniseftirlitið fylgdist með viðræðunum á meðan þeim stóð og átti reglulega fundi með framkvæmdarstjórninni vegna þessa.
9. Í grundvallaratriðum eru skuldbindingar samrunaaðila samkvæmt ákvörðun framkvæmdarstjórnar í máli nr. M.10699 - SALMAR / NTS eftirfarandi:
 - a) Sala á meirihluta hlutafjár í Arctic Fish með öllum eignum, samningum, leyfum og öðrum mikilvægum rekstrartengdum atriðum innan tiltekins tíma og með viðurkenndum aðferðum.
 - b) Aðskilnaður Arctic Fish frá samrunaaðilum þar til sölu er lokið.
 - c) Kaupandi þarf að uppfylla tiltekin skilyrði eins og nánar greinir í ákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar.
 - d) Áframhaldandi samstarf milli Arnarlax og Arctic Fish um ákveðin atriði á sanngjörnum kjörum um tiltekinn tíma.
 - e) Bann við að laða að sér lykilstarfsmenn Arctic Fish um tiltekinn tíma.
10. Samkeppniseftirlitið yfirfór þessi skilyrði og féllst á þau fyrir sitt leyti. Var það mat Samkeppniseftirlitsins að skilyrðin kæmu að fullu í veg fyrir þá samkeppnislegu röskun sem af samrunanum hefði annars hlotist hérlandis og fjallað er um í ákvörðun þessari. Af framangreindu leiðir að Samkeppniseftirlitið taldi ekki þörf á íhlutun og þurfti ekki að aðhafast vegna samrunans í kjölfar rannsóknarinnar.
11. Við rannsókn málsins óskuðu samrunaaðilar eftir því við Samkeppniseftirlitið að það veitti undanþágu til að framkvæma samrunann, þrátt fyrir yfirstandandi rannsókn, á þeim grundvelli að um væri að ræða yfirtökutilboð samkvæmt norskum lögum og samkvæmt því yrðu aðilar að ganga frá viðskiptunum við ákveðnar aðstæður. Samkeppniseftirlitið veitti þessa undanþágu með tilteknum skilyrðum.

II. Málsmeðferð

12. Formleg tilkynning um samrunann barst Samkeppniseftirlitinu þann 15. júní 2022. Áður en samrunatilkynning barst áttu samrunaaðilar og Samkeppniseftirlitið í samskiptum í aðdraganda tilkynningar um samruna, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Hófust þau samskipti um miðjan mars 2022 og voru regluleg fram að fullnægjandi tilkynningu.
13. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins þann 28. júní 2022 var samrunaaðilum tilkynnt um að samrunatilkynning væri ekki fullnægjandi að svo stöddu. Í því skyni var óskað eftir tilteknum upplýsingum sem talin voru nauðsynleg fyrir athugun á samkeppnislegum áhrifum samrunans.
14. Þann 12. júlí 2022 átti sér stað fjarfundur með starfsmönnum framkvæmdarstjórnar ESB þar sem upplýsingaskipti áttu sér stað milli samkeppnisyfirvaldanna um stöðu þessa máls. Kom þar



fram m.a. að yfirstandandi væru viðræður milli samrunaaðila og framkvæmdarstjórnar ESB í aðdraganda tilkynningar samruna (e. pre-notification phase) og upplýsingaöflun þar að lútandi.

15. Uppfærð og fullnægjandi samrunatilkynning ásamt umbeðnum upplýsingum frá samrunaaðilum barst Samkeppniseftirlitinu þann 22. júlí 2022.
16. Þann 26. júlí 2022 barst Samkeppniseftirlitinu svar við beiðni um upplýsingaskipti við norska samkeppniseftirlitið. Í því kom m.a. fram sjónarmið varðandi markaðsskilgreiningar og áhrif þess á samkeppnislegt mat á áhrifum samrunans.
17. Þann 5. ágúst 2022 átti Samkeppniseftirlitið fund með forsvarsmönnum matvælaráðuneytis. Tilgangur fundarins var að heyra sjónarmið ráðuneytisins um stöðu fiskeldis við strendur Íslands og framtíðarþróun markaðarins.
18. Þann 9. ágúst 2022 átti Samkeppniseftirlitið fjarfund með starfsmönnum framkvæmdarstjórnar ESB þar sem m.a. upplýsingum var deilt og umræður lútandi markaðsskilgreiningum áttu sér stað.
19. Á tímabilinu 6. til 17. ágúst 2022 átti Samkeppniseftirlitið í samskiptum við hagaðila markaðarins. Í kjölfar þeirra eða þann 19. ágúst 2022 var send upplýsingabeiðni til samrunaaðila og mögulegra keppinauta til að afla almennra sjónarmiða ásamt upplýsingum um framleiðslumagn, veltu og meðalverði.
20. Þann 26. ágúst 2022 var samrunaaðilum tilkynnt af hálfu Samkeppniseftirlitsins um að rannsóknin gæfi m.a. tilefni til þess að ætla að markaðshlutdeild aðila á líklegum mörkuðum málsins yrði töluverð. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri nauðsynlegt að virkja frekari fresti til ítarlegri rannsóknar málsins, m.a. með það að markmiði að athuga nánar möguleg skaðleg áhrif samrunans og/eða aðgangshindranir.
21. Þann 5. september 2022 átti Samkeppniseftirlitið fjarfund með starfsmönnum framkvæmdarstjórnar ESB þar sem upplýsingaskipti áttu sér stað um stöðu mála, m.a. um að áætlað væri að formleg samrunaskrá bærisk framkvæmdarstjórninni bráðlega og að fyrsti fasi samrunaefirlits hæfist.
22. Þann 27. september 2022 var haldinn annar fjarfundur með starfsmönnum framkvæmdarstjórnar ESB. Kom þar fram að samrunaaðilum yrði greint frá því að rannsóknin gæfi að svo stöddu til kynna umtalsverða röskun á samkeppni vegna samrunans á markaði fyrir íslenskan eldislax. Myndu samrunaaðilar fá tiltekinn frest frá framkvæmdarstjórninni til að bregðast við þessari fyrstu skoðun.
23. Þann 30. september 2022 var ósk samrunaaðila um endurgreiðslu samrunagjalds hafnað af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Í samrunaskrá var þess óskað að samrunagjald yrði endurgreitt þar sem samrunaaðilar teldu að umrædd viðskipti hefðu ekki verið tilkynningarskyld, heldur hefðu viðskiptin verið tilkynnt á grundvelli þess að eftirlitið hefði nýtt heimild ákvæðis 3. mgr. 17. gr. b samkeppnislaga nr. 44/2005, til þess að kalla eftir samrunatilkynningu og því væri ekki skylda til að greiða samrunagjald. Samkeppniseftirlitið leit aftur á móti til þess að sérstakur markaður fyrir fiskeldi og ræktun tiltekins magns í fjörðum við strendur Íslands samkvæmt útgefnum leyfum, væri mögulegur markaður málsins, um væri að ræða takmarkaða auðlind og á sambærilegum mörkuðum væru yfirleitt til staðar miklar aðgangshindranir, en auk þess óumdeilt að samrunaaðilar störfuðu á slíkum markaði hérlendis.



24. Þá var m.a. bent á að afmörkuð landfræðileg velta aðila væri reiknuð á röngum forsendum¹ og löglíkur væru til þess að skilyrði ákvæðis 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga væru uppfyllt. Að síðustu voru endurtekin sjónarmið um þekkta framkvæmd í íslenskum samkeppnisrétti varðandi mat á tilkynningarskyldu og áhrifum samruna sem varða fiskeldi og fiskveiðar, sbr. t.d. ákvörðun nr. 43/2021, *Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á 75% hlutfjár í Hólmaskeri ehf.*
25. Þann 11. október 2022 voru sendar fjölmargar upplýsingabeirni til aðila sem stunda frekari vinnslu á laxi. Var þar m.a. óskað eftir almennum sjónarmiðum um hvaða áhrif fyrirhugaður samruni gæti haft á innlendar markaðsaðstæður fyrir íslenskan eldislax ásamt öðru.
26. Þann 12. október 2022 var haldinn fjarfundur með starfsmönnum framkvæmdarstjórnar ESB. Var þar upplýst um að samrunaaðilar hefðu lagt fram tillögur til framkvæmdarstjórnarinnar að skilyrðum til að draga úr þeim samkeppnisröskunum sem fylgdu samrunanum. Skilyrðin sneru að sölu á meirihluta hlutfjár í Arctic Fish og starfsemi þess á Íslandi. Þá kom fram að fyrirhugað væri að framkvæmdarstjórnin myndi næst leggja tillögurnar í markaðspróf.
27. Þann 13. október 2022 átti Samkeppniseftirlitið fund með lögmanni samrunaaðila þar sem farið var yfir stöðu málsins. Daginn eftir voru eftirlitinu afhent drög að skilyrðum sem samrunaaðilar höfðu lagt til við framkvæmdarstjórn ESB.
28. Þann 26. október 2022 var haldinn fjarfundur með framkvæmdarstjórn ESB þar sem fram kom að útkoma úr markaðsprófi, á skilyrðum sem samrunaaðilar höfðu lagt til, hefði verið jákvæð. Samrunaákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar yrði tekin innan frests á fyrsta fasa rannsóknarinnar og fréttatilkynning birt.² Umræður áttu sér stað um fyrirhugað sölufrelsi á Arctic Fish, lagaleg viðmið lútandi samþykkt á mögulegum kaupanda og önnur verkleg atriði.
29. Þann 27. október 2022 veitti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum undanþágu til að framkvæma samrunann með tilteknum skilyrðum. Var talið að í þessu máli og með hliðsjón af skörun lögsagna samkeppnisyfirvalda, væri unnt að veita umbeðna undanþágu með skilyrðum á grundvelli ákvæðis 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Vó það þungt að yfirtakan og fyrirhugaður samruni yrði framkvæmdur á félagaréttarlegum grunni í Noregi á grundvelli norskra laga en ekki hér á Íslandi ásamt þeim sjálfstæðu skilyrðum sem sett voru í undanþágunni. Sömuleiðis skipti máli að í samrunareglugerð ESB væri veitt sjálfstæð undanþágu í tilvikum þar sem um yfirtökutilboð er að ræða í aðstæðum sem þessum, en slík ákvæði er ekki að finna í íslenskum samkeppnislögum.
30. Þann 31. október 2022 var birt fréttatilkynning af hálfu framkvæmdarstjórnar þar sem tilkynnt var um samrunaákvörðunina og skilyrði um sölu eigna.³
31. Þann 1. nóvember 2022 var birt fréttatilkynning af hálfu Samkeppniseftirlitsins.⁴
32. Þann 3. nóvember 2022 var ákvörðun send til lögmanns samrunaaðila þar sem fram kom að Samkeppniseftirlitið hefði lokið rannsókn sinni og teldi ekki forsendur til þess að hafast í máli þessu. Rökstutt ákvörðun yrði birt samrunaaðilum síðar sem og á heimasíðu eftirlitsins.

¹ Commission Consolidated Jurisdictional Notice under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings, OJ C 95/1 (2008/C 95/01).

² Samrunarannsóknir og gagnaöflun framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins fer að mestu leyti fram í forviðræðum og utan lögbundinna tímafresta.

³ https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_22_6425

⁴ <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samthjoppun-stodvud-i-islensku-laxeldi>



III. Samruninn

33. Þann 14. febrúar 2022 birti SalMar fyrirætlun sína um tilboð um kaup á öllum útistandandi hlutum í NTS. Tilboðið var birt þann 17. mars 2022 og stóð opið milli 18. mars og 1. apríl 2022. Gildistími tilboðsins var síðan framlengdur til 29. apríl 2022. Hluthafar að 52,68% hlutafjár samþykktu tilboðið.
34. Þann 30. maí 2022 gerði SalMar samning við dótturfélag NTS, nánar tiltekið Norway Royal Salmon ASA („**NRS**“) um renna félögunum saman með SalMar sem yfirtökufélagið. Þann 7. nóvember 2022 var þessi samruni formlega framkvæmdur, m.a. á grundvelli samþykktar og skilyrða af hálfu framkvæmdastjórnar ESB og ákvörðunar frá Samkeppniseftirlitinu.

Alþjóðlegur rekstur

35. SalMar er fyrirtæki sem er skráð á markað, og er undir yfirráðum Kverva Industrier, sem er lóðrétt samþætt fyrirtæki og er í eigu Kverva AS sem er undir yfirráðum Kvarv AS. SalMar verður áfram undir yfirráðum Kverva Industrier eftir að samruninn kemur til framkvæmdar. SalMar er skráð í kauphöllinni í Ósló. SalMar samstæðan starfrækir fiskeldi í mið-Noregi, norður-Noregi, á Íslandi og í Skotlandi. Þá starfrækir SalMar vinnslu- og sláturstöðvar í Noregi. Kverva er fjárfestingafélag í einkaeigu sem sérhæfir sig í langtímaeignarhaldi á fyrirtækjum sem tengjast fiskeldi og sjávarafurðum.
36. NTS er fiskeldisfyrirtæki sem er skráð í kauphöllinni í Ósló. Dótturfélag NTS, SalmoNor AS sinnir fiskeldi og frumvinnslu á laxi í Noregi. Frøy ASA gerir út þjónustuskip, flutningsskip og brunnbáta, sem eru notuð til að flytja fisk frá eldisstöðvum að vinnlustöðvum. NTS nýtur einnig yfirræða yfir NRS sem er skráð á markað og hefur með höndum fiskeldi í Noregi og á Íslandi, og sölu og markaðssetningu á fiski.

Innlendur rekstur

37. SalMar fer með yfirræð yfir Icelandic Salmon AS („**Icelandic Salmon**“) sem á allt hlutafé í Arnarlaxi. Icelandic Salmon er skráð í kauphöll í Ósló. Höfuðstöðvar Arnarlax, ásamt vinnslu- og pökkunarstöð, eru staðsettar á Bildudal, í nágrenni við laxeldisstöðvar sem eru staðsettar í nálægum fjörðum. Til viðbótar á félagið seiðastöðvar í Tálknafirði á Vestfjörðum og að Hallkelshólum í Grímsnesi (Fjallalax ehf.), auk seiðaeldisstöðvar í Þorlákshöfn sem unnið er að því að taka í notkun. Starfsemi Arnarlax á Íslandi er rekin í gegnum íslensk dótturfélög.
38. NRS fer með yfirræð yfir Arctic Fish. Starfsemi Arctic Fish á Íslandi er rekin í gegnum íslensk dótturfélög. Þau eru Arctic Fish ehf., Arctic Smolt hf., Arctic Oddi ehf. og Arctic Sea Farm hf. Arctic Fish er með starfsemi í Dýrafirði, Tálknafirði, Patreksfirði og Ísafjarðardjúpi. Þá er fyrirtækið að reisa vinnslu- og pökkunarstöð í Bolungarvík.
39. Árið 2020 framleiddi Arnarlax um [...] ⁵ tonnum af laxi og um [...] ⁶ árið 2021. Arnarlax heldur á leyfum fyrir 23.700 tonnum af eldislaxi á Vestfjörðum á Íslandi.
40. Árið 2020 framleiddi Arctic Fish um [...] ⁷ tonnum af laxi og um [...] ⁸ árið 2021. Arctic Fish heldur á leyfum fyrir 21.800 tonnum af eldislaxi á Vestfjörðum á Íslandi.

⁵ Brottfellt vegna trúnaðar.

⁶ Brottfellt vegna trúnaðar.

⁷ Brottfellt vegna trúnaðar.

⁸ Brottfellt vegna trúnaðar.



41. Þá hafa bæði fyrirtækin sótt um samtals 18.000 tonna leyfi fyrir mismunandi eldi í Ísafjarðardjúpi.
42. Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið aflaði hafa verið gefin út leyfi fyrir sjókvíaeldi á laxi fyrir 96.100 tonn (frjór og ófrjór lax). Virkar umsóknir um leyfi til mismunandi eldi samkvæmt eldri lögum eru fyrir framleiðslu á 28.000 tonnum en umsóknir samkvæmt breytingalögum nr. 71/2019 á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi eru fyrir framleiðslu á 28.000 tonnum. Framangreindar umsóknir eru háðar margvíslegum fyrirvörum, t.d. um áhættumat og burðarþol, sem og eru fyrir mismunandi eldi.

1. Markaðir málsins

43. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.
44. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Ákvörðun nr. 27/2021
45. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2021 *Samruni Måsøval Eiendom AS og Ice Fish Farm*⁹ taldi Samkeppniseftirlitið að lax og silungur tilheyrði sitthvorum markaðnum og að eldislax tilheyrði öðrum markaði en ferskur lax. Þá taldi eftirlitið að sterkar vísbendingar væru um að landeldi á laxi tilheyrði öðrum markaði en sjókvíaeldi og að eldislax sem sé lífrænt ræktaður og hefur slíka vottun tilheyrði líklega aðgreindum markaði.
46. Varðandi þann möguleika að íslenskur lax kunni að tilheyra sérstökum markaði var tekið fram að slíkt væri mögulegt, þ.e. að íslenskur eldislax gæti tilheyrt sérstökum markaði, sér í lagi ef fyrirætlanir markaðsaðila um aðgreiningu frá öðrum vörum og markaðsstarf næði fram að ganga í náinni framtíð. Á þessum grunni og með nefndum fyrirvara ályktaði eftirlitið að markaður væri að minnsta kosti til staðar fyrir sjókvíaeldi og frumvinnslu á Norður-Atlantshafslaxi. Jafnframt að vísbendingar væru um að téður markaður nái til stærra landsvæðis en Íslands.
47. Í málinu taldi Samkeppniseftirlitið að vísbendingar væru um sérstakan markað fyrir leyfi til sjókvíaeldis við Íslandsstrendur, þ.e. markaður fyrir viðskipti og ráðstöfun leyfa til sjókvíaeldis við Íslandsstrendur. Samkeppniseftirlitið taldi þó ekki tilefni til þess að taka endanlega afstöðu til þessarar skilgreiningar.
48. Með hliðsjón af framangreindu og samrunamáli þessu verður að taka til nánari skoðunar markaðsaðstæður og markaðsskilgreiningar vegna mögulegra áhrifa samruna Salmar og NTS hérlendis.

⁹ <https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2021/27-2021.pdf>



1.1. Vörumarkaður

49. Við skilgreiningu markaða í samrunamálum er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendri lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjörnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli.¹⁰ Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmætar væntingar.¹¹

Laxeldi í sjókví

50. Samrunaaðilar telja að vörumarkaður málsins sé markaðurinn fyrir eldi og frumvinnslu á laxi frá Noregi, Íslandi og Færeyjum. Þeir leggja þannig til grundvallar að eldislax frá Skotlandi tilheyrir sérstökum vörumarkaði.
51. Fyrir ályktun sinni leggja samrunaaðilar til grundvallar að enginn erfðafræðilegur munur sé á laxi ræktuðum í Noregi, Færeyjum eða á Íslandi, laxahrogn komi frá sömu birgjum. Þá telja þeir að enginn munur sé eftir svæðum á gæðum, þó að hugsanlegt sé að munur sé eftir svæðum á hitastigi sjós og staðbundnum umhverfisáhrifum. Sömuleiðis telja þeir að viðskiptavinir og neytendur innan EES-svæðisins greini ekki á milli þess hvort eldislax sé frá Íslandi, Færeyjum eða Noregi. Jafnframt taka þeir fram að þeir hafi ekki orðið áskynja um að hærra verð fái fyrir lax eftir því hvort hann sé frá Noregi, Íslandi eða Færeyjum.
52. Í ákvörðun framkvæmdarstjórnar ESB vegna samrunans í máli nr. M.10699 - *SALMAR / NTS* segir í umfjöllun um vörumarkaði að markaður fyrir eldi og frumvinnslu á íslenskum laxi annars vegar og norskum laxi hins vegar séu aðskildir markaðir. Kemur fram í ákvörðuninni að markaðsrannsókn framkvæmdarstjórnarinnar hafi gefið til kynna að eftirspurnarstaðganga sé takmörkuð milli þessara vara.
53. Í fyrsta lagi bendir framkvæmdarstjórnin á að fjölmargir markaðsaðilar hafi bent á að utanaðkomandi þættir, eins og hitastig vatns og sjúkdómshætta, séu ólíkir á Íslandi og í Noregi. Sumir bentu á að framangreind atriði leiði til mismunandi gæða. Þannig hafi m.a. komið fram af hálfu samrunaaðila að lax geti verið lengur í sjó án líffræðilegra vandamála og að kalt íslenskt vatn virki sem náttúruleg vörn gegn lús. Einnig var vísað til þess af hálfu framkvæmdarstjórnar ESB að í fjárfestakynningu NTS hafi komið fram umfjöllun um að viðskiptavinir væru reiðubúnir að borga yfirverð (e. premium) fyrir slík gæði.
54. Í öðru lagi bendir framkvæmdarstjórn ESB á að í markaðskönnun hafi margir viðskiptavinir lýst því yfir að í kaupsamningum þeirra um lax sé sérstaklega kveðið á um upprunaland. Þá geti

¹⁰ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 22. mars 2000 í sameinuðum málum nr. T-125/97 og T-127/97, *The Coca Cola Company gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 81-82: „... a finding of a dominant position by the Commission, even if likely in practice to influence the policy and future commercial strategy of the undertaking concerned, does not have binding legal effects as referred to in the IBM judgment. Such a finding is the outcome of an analysis of the structure of the market and of competition prevailing at the time the Commission adopts each decision. The conduct which the undertaking held to be in a dominant position subsequently comes to adopt in order to prevent a possible infringement of Article 86 of the Treaty is thus shaped by the parameters which reflect the conditions of competition on the market at a given time.“

¹¹ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 7. maí 2009 í máli nr. T-151/05, *NVV gegn framkvæmdastjórninni*, mgr. 136: „It should first be recalled that, according to case-law, although the Commission must give an account of its reasoning if a decision goes appreciably further than the previous decision-making practice (Case 73/74 *Groupement des fabricants de papiers peints de Belgique and Others v Commission* [1975] ECR 1491, paragraph 31), economic operators have no grounds for a legitimate expectation that a previous decision-making practice, that is capable of being varied when the Community institutions exercise their discretion, will be maintained (see *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 512, and the case-law cited therein). In particular, the applicants cannot have entertained such a legitimate expectation on the ground that the Commission had defined markets in a particular way in a previous decision, since the Commission – and, a fortiori, the Court – is not bound by the findings made in such a decision (see, to that effect, *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 514).“



skilyrði um merkingar (e. labeling) gert staðgöngu erfiða. Jafnframt vísar framkvæmdarstjórnin til markaðssetningar samrunaaðila sjálfra um að til framtíðar verði byggt á íslenskri auðkenningu til að ná yfirverði (e. premium).

55. Í þriðja lagi kom fram af hálfu framkvæmdarstjórnar ESB að meirihluti viðskiptavina sem svöruðu markaðskonun hefðu álitid að verðlagning á íslenskum eldislax væri mismunandi miðað norskan lax, m.a. með vísan í flutningskostnað. Svipaða sögu var að segja frá keppinautum. Því til viðbótar benti framkvæmdarstjórnin á nýlega tillögu norsku ríkisstjórnarinnar um 40% skattlagningu á norskan lax sem myndi gilda frá 1. janúar 2023, ef slík lög yrðu samþykkt, sem gæti leitt til verulegrar hækkunar á norskum laxi á næstu árum, vegna aukins kostnaðargrunns.
56. Í fjórða lagi bendir framkvæmdarstjórnin á að fjölmargir viðskiptavinir gæfu til kynna að íslenskur lax væri sérstaklega ólíkur um tvö atriði; annars vegar um stöðugleika í framboði og hins vegar um flutning til viðskiptavina, þ.e. tíma, aðferð og kostnað. Þannig jafnvel þó að framleiðendur, eins og samrunaaðilar, beri flutningskostnað er enn munur á stöðugleika framboðs ásamt því að það tekur lengri tíma fyrir íslenskan lax að komast á áfangastað innan EES-svæðisins.
57. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir til sambærilegra niðurstaðna. Þannig kom fram af hálfu nokkurra innlendra viðskiptavina að eðlismunur væri á íslenskum og norskum eldislaxi, t.d. varðandi bragð, áferð, ásýnd og næringarinnihald. Einnig kom það sterklega fram við rannsókn málsins að innlend fyrirtæki upplifa reglulega þá stöðu að geta ekki keypt íslenskan eldislax, eða fengið minna magn en óskað var eftir, vegna skorts á vörunni.
58. Þá kom fram í svörum við upplýsingabeiðni eftirlitsins til aðila sem stunda laxeldi að öll eldisfyrirtæki hafi stefnt að því að ná hærri verðum fyrir íslenskan lax og að Ísland væri jaðarsvæði þar sem kostnaður við eldi væri meiri. Eldisfyrirtæki hafi þannig reynt að höfða til ákveðinnar sérstöðu framleiðslunnar sem þá grundvallast m.a. á gæðum, sjálfbærni og góðri/hreinni ímynd. Í svari frá einum aðila sagði að fókusinn hjá Norðmönnum væri að framleiða ódýran „iðnaðarlax“ með ódýru fóðri. Það kemur m.a. fram í bragði, lit og losi í holdi, silfurgljáa og hreistri. Þannig sagði að neytendur gerðu greinarmun á íslenskum og norskum lax. Þá kom jafnframt fram í svarinu að það kæmi fyrir að annað verð fáist fyrir íslenskan og norskan lax. Tveir aðilar svöruðu því að uppruni laxins skipti máli, annars vegar kom fram að upprunaland sé tilgreint í langtímasamningum og hins vegar að kaupendur af eldislaxi geri greinarmun á íslenskum, færeyskum og norskum laxi.
59. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í þessu máli sé vörumarkaður málsins sjókvíaeldi og frumvinnsla á íslenskum laxi.

Leyfi fyrir sjókvíaeldi

60. Samrunaaðilar telja að ekki sé til staðar sérstakur markaður fyrir leyfi til sjókvíaeldis við Íslandsstrendur. Í öllu falli yrði þessi mögulegi markaður ekki skoðaður sjálfstætt og án samhengis við markaðinn fyrir eldi og frumvinnslu á laxi. Vísa þeir m.a. til þess að samkvæmt bestu vitund þeirra hefði sérstakur markaður fyrir leyfi til sjókvíaeldis ekki verið skilgreindur í framkvæmd framkvæmdastjórnar ESB né norska samkeppniseftirlitsins.
61. Samkeppniseftirlitið bendir á að þótt framkvæmdarstjórn eða norska samkeppniseftirlitið hafi ekki talið þörf á því að skilgreina sérstakan markað fyrir leyfi fyrir sjókvíaeldi í sínum málum og rannsóknum geti aðstæður héraendis verið með þeim hætti að slíkt sé nauðsynlegt. Fer það eftir atvikum og markaðsaðstæðum innanlands.



62. Líkt og í fyrri málum, og í sambærilegum málum er varða sjávarútveg hérlendis, telur Samkeppniseftirlitið mögulegt að til staðar sé sérstakur markaður fyrir fiskeldi og ræktun tiltekins magns í sjókvíum við strendur Íslands samkvæmt útgefnum leyfum. Er enda um að ræða takmarkaða auðlind, og á sambærilegum sviðum eru vanalega til staðar miklar aðgangshindranir sem takmarka samkeppnislegt aðhald erlendis frá. Þá starfa samrunaaðilar á slíkum mögulegum markaði hérlendis.
63. Aftur á móti er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu í þessu máli um slíkan mögulega vöru- eða þjónustu markað í ljósi niðurstöðu samrunamálsins.

1.2. Landfræðilegur markaður

64. Hér að framan hafa verið skilgreindir þeir vörumarkaðir þar sem samrunaaðilar starfa og áhrifa samrunans gætir. Þarf þá einnig að skilgreina og fjalla stuttlega um landfræðilegan markað málsins.

Sjókvíaeldi og frumvinnsla á íslenskum eldislaxi

65. Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður málsins sé EES-svæðið. Framkvæmdarstjórnin komst að sömu niðurstöðu í áðurgreindu máli nr. M.10699 - SALMAR / NTS.
66. Í ljósi þess að það hefur ekki efnisleg áhrif við mat á samrunanum byggir Samkeppniseftirlitið á því að landfræðilegur markaður fyrir sjókvíaeldi og frumvinnsla á íslenskum laxi sé að minnsta kosti EES-svæðið.

Leyfi fyrir sjókvíaeldi

67. Að framan segir að í ljósi niðurstöðu málsins sé ekki talin þörf á því að taka endanlega afstöðu í þessu máli um þennan mögulega vörumarkað. Það sama á við um landfræðilega afmörkun hans sem nær þó að líkindum til landsins alls.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

68. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.
69. Samrunaaðilar telja að vörumarkaður málsins sé sjókvíaeldi og frumvinnsla eldislax án sérstakrar aðgreiningar innan EES-svæðisins og þar af leiðandi hafi ekki samkeppnislega röskun í för með sér þar sem þeir telja að markaðshlutdeild sé undir 20%.

Markaðshlutdeild og HHI stuðull

70. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008, *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*, kom fram að við mat á stöðu fyrirtækja á markaði skipti mestu að huga að markaðshlutdeild og því skipulagi sem ríki á markaðnum. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 18. nóvember 2010 í máli nr. 188/2010, *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*, var dómur héraðsdóms Reykjavíkur staðfestur með vísan til forsendna hans. Í dómi héraðsdóms kom fram að við „mat á því hvort fyrirtæki hafi haft markaðsráðandi stöðu á skilgreindum markaði er litið til nokkurra atriða og þau metin saman:



1. Hver er markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækis á skilgreindum markaði og þróun hennar. Ein viðmiðun er að ef markaðshlutdeild fer yfir 50% þá eru allar líkur á að fyrirtækið hafi markaðsráðandi stöðu.

2. Litið er til markaðshlutdeildar þess fyrirtækis sem verið er að meta og hún borin saman við markaðshlutdeild annarra fyrirtækja á markaði. Ef miklu munar á markaðshlutdeild þess fyrirtækis sem stærstu hlutdeild hefur og þess fyrirtækis sem næst kemur í röðinni er líklegt að stærsta fyrirtækið hafi markaðsráðandi stöðu.

3. Þá er einnig litið til aðgangshindrana að markaði. Hér er átt við atriði á borð við lagalegar hindranir, fjárhagslegar hindranir, stærðarhagkvæmni, aðgengi að birgjum, þróað sölukerfi og þekkt vörumerki.“

71. Markaðshlutdeild hefur mikið að segja þegar samkeppnisleg áhrif samruna eru metin. Eins og nefnt hefur verið getur mjög há markaðshlutdeild, 50% eða meiri, í sjálfu sér verið til vitnis um markaðsráðandi stöðu, sbr. fyrrgreindan dóm Hæstaréttar. Samruni fyrirtækja, sem verða eftir samruna með undir 50% markaðshlutdeild, getur einnig raskað samkeppni í ljósi annarra atriða. Þannig hefur t.d. framkvæmdastjórn ESB talið að samrunar, sem leiða til þess að hið sameinaða fyrirtæki nái markaðshlutdeild á milli 40 og 50% og í sumum tilvikum minna en 40%, geti myndað eða styrkt markaðsráðandi stöðu, sbr. 17. mgr. lárétta leiðbeininganna.¹²
72. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins var aflað upplýsinga um framleiðslumagn og söluverðmæti frá Arnarlaxi, Arctic Fish, Fiskeldi Austfjarðar / Laxar Fiskeldi og Háafell fyrir árin 2020 og 2021, sjá töflu 1 og 2. Einnig var aflað upplýsinga um framleiðslugetu samkvæmt útgefnum leyfum árið 2021, sjá töflu 3.

Tafla 1 – Markaðshlutdeild miðað við framleiðslumagn árin 2020 og 2021

Aðilar	Framleiðslumagn árið 2020	Framleiðslumagn 2021
SalMar / Arnarlax	[40-45%]	[30-35%]
NTS / Arctic Fish	[25-30%]	[30-35%]
Samanlagt samrunaaðilar	[70-75%]	[60-65%]
Másoval / Fiskeldi Austfjarða / Laxar Fiskeldi	[25-30%]	[35-40%]
Háafell	0%	0%

Tafla 2 – Markaðshlutdeild miðað við söluverðmæti árin 2020 og 2021

Aðilar	Söluverðmæti árið 2020	Söluverðmæti 2021
SalMar / Arnarlax	[35-40%]	[35-40%]
NTS / Arctic Fish	[20-25%]	[25-30%]
Samanlagt samrunaaðilar	[60-65%]	[60-65%]
Másoval / Fiskeldi Austfjarða / Laxar Fiskeldi	[35-40%]	[35-40%]
Háafell	0%	0%

¹² Sjá hér: „According to well-established case law, very large market shares - 50 % or more - may in themselves be evidence of the existence of a dominant market position. However, smaller competitors may act as a sufficient constraining influence if, for example, they have the ability and incentive to increase their supplies. A merger involving a firm whose market share will remain below 50 % after the merger may also raise competition concerns in view of other factors such as the strength and number of competitors, the presence of capacity constraints or the extent to which the products of the merging parties are close substitutes. The Commission has thus in several cases considered mergers resulting in firms holding market shares between 40 % and 50 %, and in some cases below 40 %, to lead to the creation or the strengthening of a dominant position.“ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=celex%3A52004XC0205%2802%29>



Tafla 3 – Markaðshlutdeild miðað við framleiðslugetu samkvæmt útgefnum leyfum árið 2021

Aðilar	Útgefin leyfi árið 2021
SalMar / Arnarlax	22,68%
NTS / Arctic Fish	24,66%
Samanlagt samrunaaðilar	47,37%
Másoval / Fiskeldi Austfjarða / Laxar Fiskeldi	45,58%
Háafell	7,08%

73. Af framangreindu má sjá að markaðshlutdeild samrunaaðila yrði veruleg ef af samrunanum yrði. Þannig er til dæmis markaðshlutdeild aðila á bilinu 60-65% fyrir árið 2021 ef miðað er við framleiðslumagn og söluverðmæti. Jafnframt myndi fjöldi starfandi keppinauta á markaði fara úr þremur í tvo, en eins og sjá má hefur Háafell ekki hafið framleiðslu, en fyrirtækið fékk úthlutað leyfi til laxeldis í Ísafjarðardjúpi árið 2021.
74. Í ákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar ESB í máli nr. M.10699 - SALMAR / NTS er greint frá markaðshlutdeild aðila með sambærilegum hætti.
75. Þrátt fyrir að landfræðilegur markaður í máli þessu varðandi sjókvíaeldi og frumvinnslu á íslenskum eldislaxi sé EES-svæðið er gagnlegt að skoða umfang viðskipta eldisfyrirtækja á markaði fyrir frekari vinnslu á Íslandi, þ.e. sölu þeirra til íslenskra viðskiptavina. Í gögnum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá aðilum á markaði um sölu annars vegar innanlands og hins vegar heildar söluverðmæti má sjá að sala þessara þriggja fyrirtækja á innanlandsmarkað er talsverð, eða um [...] af heildarsöluverðmæti þeirra allra. Þetta hlutfall gæti þó verið vanmetið, en norska fyrirtækið Seaborn AS, sem virðist vera stór miðlari af íslenskum eldislaxi, selur lax til íslenskra viðskiptavina. Af þessu má sjá að innlendir samkeppnis- og almannahagsmunir af niðurstöðu samrunamálsins eru verulegir.
76. Til að meta samþjöppun á einstökum mörkuðum og hættu á samkeppnishömlum vegna samruna má styðjast við mælikvarða sem nefnist Herfindahl-Hirschman Index (HHI), samanber t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 277/2012, *Stjórnugris hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu o.fl.* HHI-stuðullinn er talinn vera ein áreiðanlegasta vísbendingin um hversu mikil samþjöppun á markaði sé og hvort eða hvenær ástæða sé til að fylgjast náið með mörkuðum og frekari samþjöppun í kjölfar samruna.¹⁴
77. HHI stuðull í þessu máli á umræddum vörumarkaði myndi fara frá u.þ.b. 3.000 stigum í kringum 4.000 stig sem er langt yfir þeim samkeppnislegu viðmiðum sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort tilefni sé til að hafa áhyggjur af skaðlegum áhrifum vegna samruna.

¹³ Brottfell vegna trúnaður.

¹⁴ Stuðst er við HHI stuðullinn í framkvæmd samkeppnisreglna hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og margra annarra ríkja, t.d. í Færeyjum og í Bandaríkjunum. Í færslu frá 29. júlí 2015 á heimasíðu samkeppnisdeildar bandaríska dómsmálaráðuneytisins er því lýst að það og Federal Trade Commission (FTC) styðjast við HHI í samrunamálum: „The term “HHI” means the Herfindahl-Hirschman Index, a commonly accepted measure of market concentration. The HHI is calculated by squaring the market share of each firm competing in the market and then summing the resulting numbers. For example, for a market consisting of four firms with shares of 30, 30, 20, and 20 percent, the HHI is 2,600 (30² + 30² + 20² + 20² = 2,600). The HHI takes into account the relative size distribution of the firms in a market. It approaches zero when a market is occupied by a large number of firms of relatively equal size and reaches its maximum of 10,000 points when a market is controlled by a single firm. The HHI increases both as the number of firms in the market decreases and as the disparity in size between those firms increases. The agencies generally consider markets in which the HHI is between 1,500 and 2,500 points to be moderately concentrated, and consider markets in which the HHI is in excess of 2,500 points to be highly concentrated.“



78. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru framangreind gögn um markaðshlutdeild og HHI-stuðul, eitt og sér, nægileg til að álykta að samkeppni verði raskað með verulega vegna samrunans. Fleira kemur þó einnig til skoðunar um lárétt áhrif samrunans.

Nánir keppinautar, aðgangshindranir og væntingar um verðhækkunar

79. Samrunaaðilar eru nánir og mikilvægir keppinautar. Þeir eru staðsettir á Vestfjörðum. Þá nota þeir sameiginlega vinnslu- og pökkunarstöð (sláturhús) sem er í eigu Arnarlax sem og eiga í samstarfi um brunnbáta.¹⁵ Vísbendingar eru um að Måsoval (Fiskeldi Austfjarða / Laxar Fiskeldi) sé ekki eins náinn keppinautur og hafi að einhverju leyti til annan viðskiptahóp og öðruvísi markaðssetningu, þótt ekki sé hægt að fullyrða alfarið um slíkt.¹⁶
80. Verulegar aðgangshindranir eru fyrir hendi á markaði málsins. Í fyrsta lagi fylgir því mikill kostnaður að hefja sjókvíaelði og frumvinnslu á eldislaxi. Samrunaaðilar hafa lagt í slíkan stofnkostnað nú þegar, búa yfir þekkingu, tækjum og fasteignum ásamt vel útfærðri markaðssetningu og hafa forskot að því leytinu til. Í öðru lagi, eins og sakir standa, er búið að úthluta miklum meirihluta leyfa á Íslandi til sjókvíaeldis og útboðsmarkaðurinn því vel mettur. Svigrúm og líkur fyrir innkomu nýrra aðila eru því ekki ýkja miklar, að óbreyttu.¹⁷ Í þriðja lagi tekur það tvö til þrjú ár frá upphafi ræktunar, framleiðslu og til slátrunar á laxi, svo það fylgir því tími og áhætta áður en framleiðandi getur sett vöru sína á markað. Í fjórða lagi er til staðar andstaða við reksturinn út frá umhverfis- og sjálfbærni sjónarmiðum, sem dregur úr líkum þess að ný landsvæði verði numin til að hefja sjókvíaelði.
81. Líkur á innkomu nýrra aðila eru því ekki miklar að mati Samkeppniseftirlitsins að óbreyttu sem felur í sér að slík möguleg innkoma hefur ólíklega í för með sér samkeppnislegt aðhald í garð hins sameinaða fyrirtækis.
82. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins leiddi það í ljós að tilteknir viðskiptavinir hefðu væntingar til verðhækkana í kjölfar samrunans þó slík skoðun hafi ekki verið afgerandi. Í áður nefndri rannsókn framkvæmdarstjórnar ESB í máli nr. M.10699 - SALMAR / NTS sagði aftur á móti að meirihluti viðskiptavina sem lýstu sjónarmiðum sínum við samrunann hefðu haft væntingar til verðhækkana í kjölfar sameiningarinnar.¹⁸

Niðurstaða um samkeppnisleg áhrif

83. Með vísan til alls framangreinds um (i) háa markaðshlutdeild og samþjöppun yfir viðmiðum HHI-stuðuls, (ii) um er ræða nána og mikilvæga keppinauta, (iii) verulegar aðgangshindranir eru fyrir hendi og (iv) væntinga til verðhækkana, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn eins og hann var tilkynntur til eftirlitsins væri að öllu óbreyttu skaðlegur samkeppni í skilningi ákvæðis 17. gr. c samkeppnislaga, nánar tiltekið að samruninn myndi leiða til markaðsráðandi stöðu og að samkeppni yrði raskað með umtalsverðum hætti með fækkun keppinauta og brotthvarfi náins keppinautar á viðkomandi markaði. Voru því forsendur í máli þessu til að ógilda

¹⁵ Arctic Fish er að reisa sína eigin vinnslu- og pökkunarstöð sem er áætlað að klárast á árinu 2023. Mikilvægt er fyrir áframhaldandi samkeppni á þessu markaði að aðgengi að slíkum mikilvægum innviðum, ásamt aðgengi að samstarfi um brunnbáta og vöruflutninga, sé með þeim hætti að sjónarmið um virka samkeppni sé höfð að leiðarljósi.

¹⁶ Í ákvörðun framkvæmdarstjórnar nr. M.10699 SalMar / NTS segir: „The market investigation has revealed that Måsoval, the third largest producer of Icelandic salmon, is not a close competitor of the Parties. [...] One large customer pointed out that Måsoval does not serve the same customers as the Parties, stating that “Måsoval is not an alternative to Salmar and NTS in Iceland, as volumes are not sufficient. Måsoval [...] is partly in special quality certifications destined for selected customers”

¹⁷ Kom þetta m.a. fram í svörum við upplýsingabeiðnum Samkeppniseftirlitsins, þ.e. samruninn myndi hafa veruleg áhrif á útboðsmarkað þegar kemur að uppboði á nýjum leyfum og að erfitt sé fyrir nýja aðila að koma inn á markaðinn.

¹⁸ Í máli framkvæmdarstjórnarinnar ESB nr. M.10699 SalMar / NTS sagði: „Finally, a majority of customers having expressed their opinion have indicated that they expect a price increase for salmon farmed and primary processed in Iceland following the Transaction.“



samrunann eða setja honum skilyrði, hefði ekki komið til breytinga á viðskiptunum og samruna félaganna, vegna íhlutunar erlendra samkeppnisyfirvalda sem næst verður fjallað um.

IV. Niðurstaða

84. Eins og greint er frá í málsmeðferðarkafli ákvörðunar þessarar áttu Samkeppniseftirlitið og framkvæmdastjórn ESB í ítarlegu og reglulegu samstarfi við rannsókn þessa máls.
85. Þegar fyrir lá í málinu að rannsókn málsins gæfi til kynna að markaður málsins væri íslenskur eldislax, aðgreindur frá norskum eldislaxi, lögðu samrunaaðilar til gagnvart framkvæmdastjórninni að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem af samrunanum leiddi með því að selja frá sér Arctic Fish og starfsemi þess á Íslandi.
86. Framkvæmdarstjórn ESB rannsakaði og markaðsprófaði tillögur samrunaaðila að aðgerðum og skilyrðum sáttar. Voru niðurstöður þeirrar athugunar jákvæðar. Sömuleiðis taldi framkvæmdastjórnin, með nokkrum breytingum, að þau dygðu til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni vegna samrunans. Á þeim grundvelli hafa samrunaaðilar gengist undir sátt við framkvæmdarstjórn ESB með umræddum skilyrðum og skuldbindingum um aðgerðir, m.a. framangreindri sölu eigna. Í grundvallaratriðum eru tillögur og skuldbindingar samrunaaðila eftirfarandi:
- Sala á meirihluta hlutfjár í Arctic Fish með öllum eignum, samningum, leyfum og öðrum mikilvægum rekstrartengdum atriðum innan tiltekins tíma og með viðurkenndum aðferðum.
 - Aðskilnaður Arctic Fish frá samrunaaðilum þar til sölu er lokið.
 - Kaupandi þarf að uppfylla tiltekin skilyrði eins og nánar greinir í ákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar.
 - Áframhaldandi samstarf milli Arnarlax og Arctic Fish um ákveðin atriði á sanngjörnum kjörum um tiltekinn tíma.
 - Bann við að laða að sér lykilstarfsmenn Arctic Fish um tiltekinn tíma.
87. Samkeppniseftirlitið á ekki aðild eða beina aðkomu að framangreindri sátt eða íhlutun framkvæmdarstjórnarinnar, en gerði engar athugasemdir þar að lútandi fyrir sitt leyti. Ljóst er af framangreindu, bæði af efni skilyrðanna sem og markaðsprófinu, að skilyrðin koma að mati Samkeppniseftirlitsins að fullu í veg fyrir þá samkeppnislegu röskun sem af samrunanum hefði annars hlotist og fjallað er um í ákvörðun þessari. Af framangreindu leiðir að Samkeppniseftirlitið telur ekki þörf á íhlutun vegna samrunans.



V. Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka SalMar ASA á NTS ASA felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson